



Skilmálar

Gjaldskrá á frístundaheimilum og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara: [Gjaldskrár frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Reykjavík](#)

[Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkur](#) gilda um starfsemi frístundaheimila.

[Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkur](#) gilda um starfsemi félagsmiðstöðva.

Ef þjónusta er nýtt kl. 8:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimilunum/sértækum félagsmiðstöðvum frá kl. 13:40-17:00. Óskað er eftir skráningu á þessa daga. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í vistun þann vikudag og greiða sérstaklega fyrir. Skráning á langa daga er bindandi eftir að frestur til skráningar rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun þessa daga. Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngrsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í þjóðskrá. Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri [umsókn](#). Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónusta er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðamót. Hægt er að segja upp þjónustunni á Rafrænni Reykjavík og með skriflegri tilkynningu til forstöðumanns.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í viðkomandi frístundamiðstöð eða hjá þjónustuveri Reykjavíkur í síma 411 1111. Starfsfólk frístundamiðstöðva leitast við að sinna hlutverki sínu af kostgæfni en ef þú hefur fyrirspurnir eða ábendingar um eitthvað sem betur má fara er hægt að senda tölvupóst á sfs@reykjavik.is.

Mars 2026